



SJÁLFSMATSSKÝRSLA VÍKURSKÓLA 2023-2024

Elín Einarsdóttir og Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir
Skólastjórnendur

Innihald

Inngangur	3
Árlegar kannanir og Skólapúlsinn	4
Starfsmannakönnun	4
Starfið	4
Starfsfólk	5
Vinnustaðurinn	6
Stjórnun	6
Kennarar - kennarastarfið	7
Kennarar – Starfsumhverfi kennara	7
Kennarar – Símenntun kennara	8
Opin svör	8
Umbótaáætlun	8
Íslenska æskulýðsrannsóknin – Niðurstöður fyrir Víkurskóla	9
Lesfimi	9
Lesskilningur	10
Stærðfræði	11
Teymiskennsla	11
Teymi Víkurskóla	11
Uppeldi til ábyrgðar	11
Heilsueflandi skóli	11
Stærðfræði	11
Námsmat	11
Jóladagskrá og Litlu-Jól	12
Árshátíð Víkurskóla	12
Samstarf við Tónskóla Mýrdalshrepps	12
Samstarf við leikskólann Mánaland	12
Skólaþing nemenda	13
Lokaorð	13
Fylgiskjöl	14
Kötlumix	14
Drangamix	14

Inngangur

Á grundvelli laga um grunnskóla frá árinu 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat sbr 35. og 36. grein laganna:

35. gr. Markmið.

- ☐ Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:
 - a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
 - b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
 - c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
 - d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

■ 36. gr. Innra mat.

- ☐ Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.
- ☐ Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Sjálfsmat skóla er stöðugt og langtímamiðað og um leið er safnað með kerfisbundnum hætti gögnum um skólastarfið. Sjálfsmat er liður í umbótun, þróun og vexti hvers skóla og forsenda framfara og gæðastarfs. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarfið, í tilfalli Víkurskóla þá er sérstaða skólans sú að hann er heildstæður fámennur skóli sem þjónar börnum úr dreifbýli og þéttbýli.

Í áætlun um innra mat Víkurskóla <https://vikurskoli.is/wp-content/uploads/2020/11/Innra-mat-Vikurskola-2020-2024.docx.pdf> er gerð grein fyrir þeim þáttum sem metnir eru yfir skólaárið. Víkurskóli nýtir sér kannanir Skólapúlssins í sjálfsmati skólans og einbeitir sér að þeim niðurstöðum sem þær gefa og settar fram í umbótaáæltunum. Kannanirnar eru lagðar fyrir annað hvert ár og ná til allra nemenda skólans, foreldra og starfsmanna. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir á hvern hátt unnið var úr þeim könnunum sem lagðar voru fyrir á skólaárinu.

Skólaráð Víkurskóla, fjallaði um allar kannanirnar, kynning fór fram í fræðslunefnd Mýrdalshrepps og þær ræddar og rýndar á starfsmannafundi Víkurskóla undir stjórn matsteymis skólans.

Árlegar kannanir og Skólapúlsinn

Árlega eru lagðar fyrir samræmdar kannanir sem styðja við sjálfsmat skólans. Niðurstöður slíkra mælinga gefa vísbendingar um á hvaða leið skólastarfið er og gefa tækifæri til að grípa til úrbóta ef niðurstöður eru ekki ásættanlegar. Þegar niðurstöður eru jákvæðar styrkir það skólasamfélagið í heild sinni og hvetur til áframhaldandi framfara. Í Víkurskóla eru kannanir með vefkerfi Skólapúlsins lagðar fyrir alla hópa annað hvert ár, samanber áætlun um innra mat Víkurskóla 2020-2024. Skólaárið 2023-2024 voru eftirfarandi kannanir lagðar fyrir:

- Starfsmannakönnun

Niðurstöður þessarar könnunar og eldri kannananna eru aðgengilegar á heimasíðu Víkurskóla, <https://vikurskoli.is/innra-mat/>

Jafnframt má lesa um þær fræðilegu forsendur sem liggja til grundvallar könnunum í inngangi hverrar skýrslu.

Umfjöllun um ofangreinda könnun verður reifuð hér fyrir neðan.

Starfsmannakönnun

Þessi könnun var lögð fyrir starfsmenn í febrúar-mars 2024. Um fræðilegan bakgrunn má lesa á bls. 3 í niðurstöðuskýrslu. Svarhlutfall var 100%. Könnunin mælir eftirfarandi þætti:

- Starfið
- Starfsfólk
- Vinnustaðurinn
- Stjórnun
- Kennarar – Kennarastarfið
- Kennarar – Starfsumhverfi kennara
- Kennarar – Símenntun kennara

Hér verður hver þáttur sýndur myndrænt í heildarsamantekt en hægt er að skoða niðurstöðurnar nánar eins og áður segir á heimasíðu skólans. Í hverri töflu er hægt að sjá samanburð við landið og jafnframt breytingu frá síðustu mælingu í skólanum.

Starfið

1. Starfið

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	3,9	17	0,1	4,7	1.339	-0,8*
1.2. Skýrleiki hlutverks	4,9	17	-1,0	4,9	1.335	0,0
1.3. Ágreiningur um hlutverk	4,1	17	0,4	4,8	1.339	-0,7
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	4,7	17	-0,5	5,0	1.338	-0,3

Varðandi þennan þátt kemur fram að starfsfólki Víkurskóla finnst álag í starfi mun minna en landsmeðaltal sýnir, skýrleiki hlutverks í starfi er á pari við landsmeðaltal en lækkar á milli kannanna í Víkurskóla. Þá finnst starfsmönnum skólans þeir hafa örlítið minni jákvæðar áskoranir í starfi en á landsvísu.

Starfsfólk

2. Starfsfólk

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	3,7	17	-0,9	4,9	1.319	-1,2*
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,6	17	-0,8	4,9	1.320	0,7
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	4,8	17	0,3	4,9	1.317	-0,1
2.4. Ræktun mannauðs	6,3	17	-0,1	5,1	1.763	1,2*
2.5. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	88,2%	15/17	-11,8%	80,6%	999/1239	7,6%
2.6. Gagnsemi starfsmannaviðtals	100,0%	15	0,0%	88,8%	827/931	11,2%

Það sem vekur helst athygli almennt í niðurstöðum Starfsmannakönnunarinnar kemur fram í þessum kafla. Þar meta starfsmenn Víkurskóla leikni sína í starfi mun minni en gerist og gengur. Þessi þáttur lækkar líka talsvert milli kannanna hjá skólanum. Þessi þáttur var til sérstakrar umræðu í rýnifundi starfsmanna í júní sl. og er hér vísað til úrbótaáæltunar sem er birt hér síðar í skýrslunni. Aðrir þættir í þessum kafla eru svipaðir nema að starfsmenn meta gæði starfsmannasamtala síðri miðað við síðustu mælingu. Hinsvegar er jákvætt að sjá að þátturinn ræktun mannauðs skorar hátt í Víkurskóla og er marktækt hærri en á landsvísu.

Vinnustaðurinn

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	6,0	17	-0,7	5,2	1.309	0,8*
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	4,0	17	-0,8	4,8	1.262	-0,8*
3.3. Stytting vinnuviku	81,8%	9/11	-	83,8%	903/1077	-2,0%
3.4. Ánægja með styttingu vinnuviku	44,4%	4/9	-	44,3%	399/900	0,1%
3.5. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,8	17	0,1	5,1	1.303	0,7*
3.6. Stuðningur við nýsköpun	6,1	17	-0,3	5,1	1.300	1,0*
3.7. Mismunur	3,7	17	0,2	4,7	1.302	-1,0*
3.8. Einelti (þú)	0%	0/17	0,0%	4,2%	55/1322	-4,2%
3.9. Einelti (annar en þú)	0%	0/17	0,0%	10,7%	141/1314	-10,7%
3.10. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	0%	0/17	0,0%	3,2%	42/1314	-3,2%
3.11. Kynferðisleg áreitni	0%	0/17	-	0,8%	10/1327	-0,8%

Helstu breytingar í þessum hluta lúta að vinnuaðstöðu starfsmanna sem vikur marktækt frá landsmeðaltali. Aðrir þættir eru á svipuðum slóðum og við fyrri breytingu og þó nokkrir þættir sem eru hærri en gerist og gengur í skólum á Íslandi, þættir eins og starfsandi og stuðningur frá samstarfsfólki.

Stjórnun

4. Stjórnun

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	6,1	17	-0,2	5,3	1.674	0,8*
4.2. Sanngjörn forysta næsta yfirmanns	5,6	17	-0,6	5,3	1.671	0,3
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	5,3	17	-0,6	5,2	1.654	0,1
4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni	5,6	17	-	5,0	573	0,6*
4.5. Sanngjörn forysta annars yfirmanns	5,5	17	-	4,9	570	0,6
4.6. Valdeflandi forysta annars yfirmanns	5,6	17	-	4,9	569	0,7*

Hvað varðar mat starfsmanna á stjórnun skólans, þá eru litlar breytingar milli kannanna. Jákvætt að sjá að þrír þættir skora hærra en landsmeðaltal þar á meðal þátturinn valdeflandi forysta.

Kennarar - kennarastarfið

5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	5,9	9	-1,7	5,1	1.261	0,8*
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	4,3	8	-0,8	4,9	1.257	-0,6
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	3,6	9	0,1	4,9	1.092	-1,3*
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	23,6 mín	7	-24,4 mín	39,5 mín	1.075	-15,9 mín
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	55,6%	5/9	-19,4%	67,4%	875/1299	-11,8%
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	75,0%	6/8	41,7%	47,3%	546/1155	27,7%
5.7. Hópavinna í bekk	37,5%	3/8	23,2%	34,8%	392/1125	2,7%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	62,5%	5/8	25,0%	30,8%	377/1225	31,7%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	77,8%	7/9	-7,9%	54,4%	676/1243	23,4%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	12,5%	1/8	12,5%	13,2%	156/1181	-0,7%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	88,9%	8/9	1,4%	77,0%	985/1280	11,9%

Kennarar í Víkurskóla eru marktækt ánægðari með starfið sitt en landsmeðaltal sýnir. Í þessum hluta má líka sjá að breytingar í skólanum með aukinni teymiskennslu og þverfaglegu námi barna eru að skila sér. Kennarar áætla heimavinnu nemenda mun minni milli kannanna og er það umhugsunarefni ekki síst í ljósi niðurstaðna á lesfimi- og lesskilningsprófum skólans. Eins vekur athygli að kennarar skólans miðla síður upplýsingum til foreldra en almennt gerist.

Kennarar – Starfsumhverfi kennara

6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,0	8	-1,5	5,0	1.124	0,0
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,6	8	-1,5	5,1	1.116	0,5
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	6,2	9	-0,2	4,9	1.239	1,3*
6.4. Samráð um kennslu	4,3	9	-0,2	5,5	1.165	-1,2*
6.5. Samvinna um kennslu	6,7	9	0,4	5,5	1.127	1,2*

Í þessu hluta lækka tveir þættir innan skólans talsvert milli mælinga en eru samt sem áður á pari eða yfir landsmeðaltali, þessir þættir lúta að stuðningi við kennara vegna náms-og/eða hegðunarörðugleika. Samráð um kennslu vikur marktækt frá landsmeðaltali og er þáttur sem vert er að skoða frekar.

Kennarar – Símenntun kennara

7. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	55,6%	5/9	41,3%	44,4%	523/1177	11,2%
7.2. Símenntunarþörf kennara	5,4	9	-0,9	5,4	1.182	0,0
7.3. Símenntunarþörf kennara (annað)	-	0	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	66,7%	6/9	16,7%	51,3%	615/1199	15,4%
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	8	-	-	-	-

Um símenntun kennara má draga þá ályktun að kennarar óski eftir frekari tækifærum til símenntunar sbr. niðurstöður í lið 7.4. Kennarar kalla eftir meiri endurmenntun á sviði fjölmennningar og kennslu nemenda með sérþarfir.

Opin svör

Í opnum svörum gafst starfsmönnum kostur á að koma með ábendingar um skólastarfið. Margir nýttu þennan möguleika. Það sem nefnt var sem kostur Víkurskóla sem vinnustaðar var m.a. samheldni, góður starfsandi, reynsla, sveigjanleiki og sjálfstæði í starfi.

Það sem helst var nefnt að betur mætti fara er aðstaða starfsmanna og nemenda og betra upplýsingaflæði milli stjórnenda og starfsfóks.

Umbótaáæltun

Á starfsdögum í júní voru niðurstöður úr Starfsmannakönnuninni rýndar og sett fram úrbótaáæltun á þeim þáttum sem starfsmönnum fannst helst þörf á að bregðast við.

Starfsfólk

- a) Leikni í starfi

Kennarar - Kennarastarfið

- a) Trú kennara skólans á eigin getu
b) Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku
c) Samráð um kennslu

Þáttur	Lýsing/Úrbætur	Tímarammi	Umsjón / Ábyrgð
Leikni í starfi	Þessi þáttur kemur slakari út en landið. Hann mælir hversu ánægður kennarinn með meðgæði og afköst vinnu og færni til að leysa vandamál í starfi. <u>Úrbætur</u> : Starfsfólk meti hvort annað. Noti hvatningu og hrós og	Ágúst '24- maí '25	Allir starfsmenn

	horfi raunsætt á að margt gengur vel og er gert vel.		
Trú kennara skólans á eigin getu	Þessi þáttur vikur nokkuð frá landsmeðaltali. Hann mælir trú kennara á getu til að ná til nemenda, ná árangri með námshóp og hvort náist til erfiðustu og áhugalaustustu nemendanna. <u>Úrbætur:</u> Kennarar og stjórnendur rýni hvort annað með áhorfi. Viðtöl/ráðleggingar frá námsráðgjafa/kennsluráðgjafa, samráð á stigsfundum.	Ágúst '24 – maí '25	Umsjónarkennarar /aðrir kennarar. Námsráðgjafi Kennsluráðgjafi Stjórnendur
Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	Mæling á tíma við heimavinnu sýnir að nemendur Víkurskóla verja helmingi minni tíma til heimavinnu en meðaltal landsins gefur til kynna. <u>Úrbætur:</u> Ræða vinnuálag nemenda á samráðsfundum og stigsfundum. Með "mixi" og áætlunum má lágmarka heimavinnu. Lestur á þó alltaf að vera lágmark 15mín á dag.	Ágúst '24 – maí '25	Umsjónarkennarar
Samráð um kennslu	Þessi þáttur metur samræður við aðra kennara á kennslugögnum, samnýtingu kennsluefnis, teymisfundi, matsaðferðir og námsframvindu nemenda. <u>Úrbætur:</u> Teymisvinna og samráðstímar.	Ágúst '24- maí '25	Umsjónarkennarar Aðrir kennarar

Íslenska æskulýðsrannsóknin – Niðurstöður fyrir Víkurskóla

Nemendur í 4.- 10. bekk Víkurskóla tóku á vorönn 2023 þátt í rannsókn á vegum Menntavísindastofnunar. Markmið rannsóknarinnar er að safna gögnum um viðhorf barna og ungs fólks til ýmissa þátta sem snúa að farsæld þeirra. Mjög dróst að fá þessa skýrslu og þegar þetta er skrifað er hún nýkomin til skólans og hefur ekki farið í neina kynningu enn.

Lesfimi

Í Víkurskóla hafa lesfimiþróf Menntamálastofnunar verið lögð fyrir um nokkura ára skeið. Lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða og lestrarnákvæmni. Rannsóknir sýna að tengsl milli lesfimi og lesskilnings eru sterk. Mikil áhersla hefur verið á að bæta lesfimi nemenda og

skólinn hefur verið með markvissar aðgerðir í skólanum og í samstarfi við heimilin. Lesfimin er mæld þrisvar yfir skólaárið. Þar sem Víkurskóli er mjög fámennur og í sumum árgöngum mjög fá börn þá er ekki hægt að birta niðurstöður og framgang myndrænt.

Lesfimiþrófið í Lesferli Víkurskóla metur fyrst og fremst sjálfvirkni og nákvæmni eða flæði við lestur eins og kemur skýrt fram í fyrirmælum til nemenda þegar matið er lagt fyrir („Lestu eins hratt og vel og þú getur“). Orðið „vel“ vísar hér til lestrarnákvæmni þar sem hún, ásamt lesnum orðum á mínútu, liggur til grundvallar útreikningum á frammistöðu nemenda. Upplýsingar um sjálfvirkni umskráningar eru mjög mikilvægar en sjálfvirknin er ein af meginforsendum þess að lesari geti einbeitt sér að innihaldi texta og skilið hann. Áhersla á að nemendur nái sjálfvirkni við umskráningu er því ekki úr lausu lofti gripin og mikilvægt að stefna að því að allir nemendur, sem til þess hafa forsendur, nái lestrarhraða sem er í grennd við viðmið 2 í öllum árgöngum eins og MMS setur þau fram.

Víkurskóli mælir lesfimi þrisvar sinnum á ári, september, janúar og maí. Úr niðurstöðum mælinga má lesa að Víkurskóli raðast undir landsmeðaltali í ákveðnum bekkjum en á og yfir landsmeðaltali í öðrum bekkjum í öllum þremur mælingum skólaárins.

Merkja má framfarir milli september og maí mælinga skólans.

Samkvæmt viðmiðum MMS eru 10%undir viðmiði 1, hér eftir V1, 40%milli V1-V2, 25% milli V2-V3 og 25% yfir V3. Niðurstöður Víkurskóla í maí 2024 gefa okkur 38% undir V1, 44% milli V1-V2, 5% milli V2-V3 og 13% yfir V3. Þessar niðurstöður segja okkur að of mörg börn í Víkurskóla glíma við erfiðleika við umskráningu og hafa ekki tök á sjónrænum orðaforða eða orðmyndum.

Sú lestrarvinna sem fram fer í skóla og á heimili skilar nemendum jöfnum og góðum framförum svo betur má ef duga skal. Markmið Víkurskóla er að árangur nemenda sé á pari við landsmeðaltal.

Lesskilningur

Lesskilningsprófið Orðarún er lagt fyrir tvisvar yfir skólárið í 3.-8. bekk. Prófið gefur vísbendingar um hvar nemendur standa í lesskilningi og sýnir framfarir á milli ára. Viðmið Víkurskóla er að niðurstöður seinna prófs sýni að fleiri en 70% nemenda í árgangi raðist í flokkinn meðal eða gott og færri en 10% nemenda í árgangi raðist í mjög slakt. Þar sem nemendur Víkurskóla eru fáir og mjög fáir í sumum árgöngum er ekki hægt að birta niðurstöður með myndrænum hætti. Vert er að taka fram að mælingar skólaársins sína ásættanlegan árangur og viðmiðum skólans var náð. Þó sjást teikn á lofti um að nemendum í flokknum slakt fjölgar frá síðasta ári. Þess má einnig geta að lesfimi og lesskilningur haldast í hendur en fjölgun er meðal nemenda sem eru undir viðmiði 1 samkvæmt MMS staðli.

Nemendur sem mælast með mjög slakan árangur á Orðarún fá eftirfylgd með tímasettri áætlun. Sú mikla vinna sem fram fer í lesfimi ætti að skila nemendum aukinni færni í lesskilningi.

Stærðfræði

Til að skima kunnáttu nemenda í stærðfræði er notað staðlaða mælitækið Talnalykill sem mælir kunnáttu nemenda í námsefni 1.-7. bekkjar. Viðmið skólans er að 70% nemenda ná mælitölu yfir 85 stig. Á skólaárinu var ekki lagt fyrir próf.

Teymiskennsla

Haustið 2023 voru sett af stað tvö verkefni á sviði markvissrar þverfaglegar teymiskennslu í skólanum. Annað verkefnið var fyrir nemendur í 7.-10. bekk og ber heitið Kötlumix en hitt verkefnið var fyrir nemendur í 2.-6. bekk og kallast Drangamix. Um þessi verkefni og mat á þeim er vísað í fylgiskjöl sem fylgja með þessari skýrslu.

Heilt yfir tókst vel til og ljóst er að verkefnin verða þróuð áfram á næsta skólaári.

Teymi Víkurskóla

Skólaárið 2023-2024 störfuðu 4 teymi innan skólans fyrir utan matsteymi skólans. Teymi um Uppeldi til ábyrgðar sem mótar tillögður fyrir skólaárið um hvaða viðfangsefni unnið er að og teymi um Heilsueflandi skóla sem er verkefni unnið í samstarfi við Landlæknisembættið, teymi um stærðfræðikennslu og teymi um námsmat.

Uppeldi til ábyrgðar

Teymið hittist nokkrum sinnum yfir skólárið, lagði línur yfir þær áherslur sem unnar voru í bekkjum og kom með innlegg á starfsmannafundi. Teymið skilaði skýrslu í lok skólaársins auk þess að gera áætlun sem unnið er með í hverjum hópi yfir veturinn framvegis.

Heilsueflandi skóli

Teymi um Heilsueflandi skóla hittist formlega tvisvar yfir skólaárið og vann eftir áherslum Heilsustefnu Víkurskóla. Heilsustefnan var endurskoðuð vorið 2023. Nýjir gátlistar voru uppfærðir nú á vordögum 2024. Jafnframt var unnið að því að gera verkefnið sýnilegt innan veggja skólans og vekja athygli á því með reglulegum hætti á heimasíðu skólans. Úti- og hreyfinám er að festa sig í sessi í skólanum.

Stærðfræði

Teymi um stærðfræðikennslu kom saman haust og vor og fór yfir áherslur í hverjum námshópi. Janframt er hlutverk teymisins að rýna í niðurstöður skimana. Ennfremur að standa fyrir uppbroti í stærðfræðikennslunni þvert á aldur, 1-2 á hvorri önn, haust og vor.

Námsmat

Námsmat í Víkurskóla er í áfram í þróun. Hæfnikort liggja nú fyrir í flestum námsgreinum í Mentor og námsmat byggist nú á þeim, umsögnum og bókstöfum í stað talna.

Teymiskennsla

Í vetur var stigið stórt skref í innleiðingu teymiskennslu í skólanum. Á elsta stigi var farið af stað með svokallað Kötlumix og í 2.-6. bekk Drangamix. Í viðhengi fylgja skýrslur um þessi tvö verkefni. Heilt yfir gengu þessi verkefni vel og munu verða þróuð áfram á næsta skólaári. Sótt var um styrk í Sprotasjóð grunnskóla til þróunar á teymiskennslu og fjölbreyttum kennsluháttum og hlaut umsóknin brautargengi og veglegan styrk.

Jóladagskrá og Litlu-Jól

Ár hvert er sett upp dagskrá í aðdraganda jólaleyfis nemenda sem nær hápunkti á Litlu-Jólum skólans. Á starfsdegi í upphafi skólaárs rýndu starfsmenn hvernig til hefði tekist við þennan hluta skólastarfsins og er sú rýni nýtt á komandi skólaári.

Árshátíð Víkurskóla

Einn af hápunktum skólaársins er árshátíð skólans. Mikil vinna og undirbúningur liggur að baki slíku verkefni. Að þessu sinni var ráðist í að setja upp hið þekkta leik- og söngverk, Ávaxtakörfuna. Árshátíðarvinnan og afrakstur hennar var rýnd á starfsmannafundi í byrjun maí sl. Þær níðurstöður munu nýtast við undirbúning næstu árshátíðar. Þar kemur m.a. fram að nauðsynlegt sé að meta þátttöku nemenda í þessu stóra verkefni og gera matið sýnilegt í námsmati á Mentor. Uppsetning árshátíðarverkefnis kemur inn á mjög mörg svið í aðalnámskrá grunnskóla. Árshátíð skólans tókst mjög vel og nemendum og starfsfólki til mikils sóma.

Samstarf við Tónskóla Mýrdalshrepps

Stjórnendur hittu nýráðinn skólastjóra tónskólans, Alexöndru Chernyshovu í ágúst 2023 til að leggja drög að samstarfi skólanna. Tónskólinn bauð fram krafta sína með því að koma inn vikulega með söngstund í 1.-6. bekk, hljóðfærasmiðjur í 3.-6. bekk í tveimur lotum yfir skólaárið. Janframt valgrein á unglingastigi í tónsmíðum.

Samstarfið var rýnt á kennarafundi í desember og óskað eftir smávægilegum breytingum sem brugðist var við. Þá héldu stjórnendur, ásamt tónskólastjóra, fund í lok maí þar sem farið var yfir samstarfið og gerð áætlun að samstarfi næsta skólaárs.

Það er afar jákvætt að eiga orðið markvissara samstarf við tónskólann.

Samstarf við leikskólann Mánaland

Stjórnendur og leikskólastjóri Mánalands, Nichole Leigh Mosty, unnu að samstarfsáætlun skólanna á skólaárinu. Áætlunin verður birt á heimsíðum skólanna frá og með næsta hausti. Þetta er afar jákvætt skref og mun án efa verða til hagsbóta fyrir bæði skólastigin. Elsti árgangur leikskólans (börn fædd 2018) voru í forskóladeild í grunnskólanum á þessu skólaári. Vísað er til skýrslu um það verkefni sem birt verður á heimasíðu skólans.

Skólaping nemenda

Í Víkurskóla er leitast við að hlusta á raddir og ábendingar nemenda. Liður í því er að halda Skólaping nemenda annað hvert ár. Slíkt þing var haldið í nóvember 2023. Þátttakendur voru nemendur í 5.-10. bekk.

Unnið var með eftirfarandi þætti:

- Samskipti
- Skólaumhverfið
- Námið
- Félagslífið
- Matur og morgunhressing
- Samfélagið okkar

Niðurstöður þingsins eru aðgengilegar á heimasíðu skólans [Skolatthing-2023-samantekt.pdf \(vikurskoli.is\)](#). Þær voru kynntar og ræddar í bekkjum, á starfsmannafundi, skólaráði Víkurskóla og Fjölskyldu-, frístunda-, og menningarráði Mýrdalshrepps. Niðurstöðurnar eru nýttar og hafðar til hliðsjónar við skipulag skólastarfsins.

Lokaorð

Hér að framan er rakið það helsta sem unnið var í innra mati Víkurskóla og/eða upplýsingar sem nýst geta til hagsbóta fyrir nemendur og skólasamfélagið. Skólinn hefur um nokkurra ára skeið verið einn af jarðvangsskólum Kötlu Geopark. Víkurskóli og jarðvangurinn hafa unnið að sameiginlegu verkefni sem felst í rannsókn á strandlínu Víkurfjöru. Verkefnið fékk styrk úr Sprotasjóði 2021 og hlaut svo Menntaverðlaun Suðurlands 2023 í febrúar sl. Þetta er mikil viðurkenning fyrir skólann.

Þá sótti skólinn um í Sprotasjóð á skólaárinu fyrir verkefni á sviði teymiskennslu þvert á aldurstig. Verkefnið hlaut brautargengi og fékk veglegan styrk nú á vordögum sem mun nýtast vel við áframhaldandi innleiðingu og þróun á teymiskennslu við skólann.

Tilgangur innra mats er fyrst og fremst til að nýta upplýsingar sem aflað er til að bæta skólastarfið og gera það faglegra. Á skólaárinu 2020-2021 fór fram ytra mat á Víkurskóla. Haustið 2021 skilaði skólinn úrbótaskýrslu til Menntamálastofnunar sem er jafnframt vinnuþlagg skólans til þess að vinna áfram markvissar úrbætur á skólastarfinu. Haustið 2023 sendi skólinn inn stöðumat á upphaflegri úrbótaskýrslu og fékk stöðumatið staðfestingu Menntamálastofnunar.

Fylgiskjöl

Kötlumix

Drangamix

Drangamix í Víkurskóla skýrsla



Erla Þórey Ólafsdóttir og Sif Hauksdóttir

Drangamix er heiti á þverfaglegu námi sem unnið er í 2.- 6. bekk. Við veljum ákveðna þemu sem við vinnum með á fjölbreyttan hátt. Drangamix verkefnin eru mis stór. Þau geta verið allt frá fáeinum tímum upp í nokkrar vikur, eru allskonar og unnin eftir ólíkum leiðum.

Átthagafræði – Gróðurfar í Mýrdalshreppi

Fyrsta verkefnið sem var unnið að var grófurfar í Mýrdalshreppi þar sem við samþættum samfélagsfræði, náttúrufræði og íslensku.

Fórum í vettvangsferðir að Hjörleifshöfða og heimsókn í Þórisholt þar sem við fengum fræðslu um rófurækt. Einnig var fjallað um, ólíkar tegundir að berjum og fuglar voru rannsakaðir. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni í hringekju.



Næst skoðuðum við hvaða gróðursvæði væru í Mýrdalshrepp. Nemendum var skipt í hópa og hver hópur fékk eitt gróðursvæði þar sem þurfti að mála gróðursvæðið og síðan skrifa um einkenni svæðisins.

Sögurammin þjóðgarðurinn hafður til hliðsjónar.

Í þessu fyrsta verkefni var vinnan frekar óreiðukennd. Eldri nemendur voru ósáttir við að vinna með sér yngri nemendum og krakkarnir fundu sig ekki alveg í þessum starfsháttum.

Þó kennarar hafi verið með nokkuð skýran ramma þá voru aðrir starfsmenn frekar týndir í verkefninu í upphafi sem má að hluta til skýrast að því að kennarar höfðu ekki verið nægilega upplýsandi.

Barnasáttmálinn og Afríka

Strax í verkefni tvö gekk
allt miklu betur en þá
unnum við með
barnasáttmálann og Afríku.
Eftir að nemendur fengu
góða fræðsu um
barnasáttmálann unnu þau
sérstaklega með réttindi,
forréttindi og skyldur. Farið var vel yfir hugtakið forréttindi.



Í þessum hluta verkefnisins var mjög fjölbreytt vinna. Nemendur þurftu t.d. að búa til leikpátt þar sem þeir voru að vinna með réttindi og skyldur. Dæmi fengu miða þar sem stóð á: Ég á rétt á því að fara í skóla það er skilda mín að hlusta á kennarann.

Því næst var unnið með afríkusólina: Einstaklingsverkefni þar sem sólargeislarnir voru með setningum hvað einkennir góðan vin.

Börnin í Afríku: Fengu kynningu á börnum sem búa í Afríku. Nemendur bjuggu til mynd að barni í Afríku. Skrifuðu upplýsingar um barni: Nafn, land, áhugamál, fjölskylda, skóli, Uppáhaldsfög, áhugamál.

Heimsálfan Afríka. Kennarar bjuggu til kort af Afríku úr tré. Hvert land var sagað út (bjuggum til púsl) Hver nemandi fékk einn bút (land) Þurfti að mála bútin og setja mynd sem einkenni landið, gat verið dýr, bygging, náttúrufyrirbæri. Nemendur skrifuðu texta um landið þar sem kom fram íbúafjöldi, höfuðborg og eitthvað áhugavert um landið. Bjuggu til fána landsins. Hver nemandi bjó til bók í „bookcreator” um Afríku. Gátu valið um margt áhugavert eins og t.d. Dýrin í Afríku, Kinamujara, Tablemountain, Sahara, þjóðgarða.

Afríkugrímur. Bjuggu til Afríkugrímur.

Afríkuverkefnið var í lokinn kynning fyrir foreldra. Verkefnin voru innihaldsrík og vel unnin. Allt samstarf gekk mun betur og vinnan orðin skilmerkilegri.

Harry Potter – verkefni

Í þessu verkefni var hópnum skipt í fjóra hópa/vistir. Gryffindor, Hufflepuff, Ravenclaw og Slytherin. Hver vist fékk ákveðið veggsplass þar sem þau settu upp verkefnin sem þau þurftu að leysa: Verkefnin voru: Búa til nafnið á vistinni, slagorð, lukkudýr, upplýsingar um lukkudýr, reglur vistarinnar o.s.frv.


Það var verulega skemmtilegt og áhugavert að fylgjast með nemendum í þessum verkefnum. Þau voru glöð og vinnusöm og virtust una sér vel. Samvinnan var mjög góð og nánast allir unnu að sínu verkefni og sýndu mikla ábyrgð.

Ævintýri – Í þessu verkefni var unnið sérstaklega með ritun. Fjallað um ævintýri og þau kynnt fyrir nemendum. Fjallað um sögupersónur, umhverfi og atburði sem gætu gerst í sögum. Þetta var unnið í hugarflugi og voru nemendur mjög virkir og hugmyndaríkir. Nemendur bjuggu til myndasögu þar sem þau fengu nokkuð frjálsar hendur á söguþræði. Verkefnið var mjög vel unnið og enn voru þau að eflast í starfsháttum.

Harry Potter skólablað. Nemendur bjuggu til skólablað. Verulega mikil og góð vinna hjá nemendum. Kennarar náðu því miður ekki að ljúka við uppsetningu á blaðinu en fyrirhugað er að hafa það tilbúið á haustdögum.

Forsetar lýðveldisins

Lokaverkefnið var svo umfjöllun um forseta lýðveldisins. Byrjað var á að kynna fyrir nemendum þá sex forseta sem hafa verið á Íslandi frá stofnun lýðveldis. Unnum svo tímalínuverkefni. Það var sett upp tímalína og nemendum skipt í sex hópa. Hver hópur var með sinn



forseta. Unnu verkefni þar sem þurfti að setja: Mynd af forseta, upplýsingar um forsetann og þrjá atburði sem gerðust meðan hann/hún var forseti. Í lokin kynntu nemendur forsetann fyrir öðrum nemendum.

Nemendur sjálfstæðir í sinni vinnu og unnu vel saman þvert á aldur.

Niðurstaða

Í þessum verkefnum höfum við séð nemendur blómstra í hlutverki listamanna, leiðtoga, skipulagsstjóra og svona mætti lengi telja. Í gegnum Drangamix höfum við náð að tengja námið betur við nemendur og getum um leið gefið nemendum meira frelsi í náminu þar sem styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín.

Í Drangamixi leggjum við áherslu á valfrelsi nemenda, samvinnu, ábyrgð og nemendalýðræði þar sem mismunandi færni og styrkleikar fá að njóta sín öllum til hagsbóta.

Teymisvinna starfsmanna hefur gengið vel og allir að átta sig á sínum hlutverkum.

Kötlumix 2023-2024



Victoria Reinholdsdóttir og Þuríður Lilja Valtýsdóttir

Um Kötlumix

Kötlumix er heiti á þverfaglegu námi sem unnið var í 7.-10. bekk Víkurskóla veturinn 2023-2024. Verkefnin voru skipulögð í þemum og settu mikinn svip á starf unglingadeildarinnar. Mixið var u.þ.b. 10-15 kennslustundir á viku sem voru festar í stundaskrá mánudaga til föstudaga, eftir morgunhressingu og fram að hádegishléi.

Mixin voru skipulögð þannig að það voru settar upp lotur þar sem samþætting var milli íslensku, samfélagsfræði, ensku, dönsku og náttúrufræði. Misjafnt var hversu umfangsmiklar loturnar voru og mismunandi hversu mikið var unnið með hverja námsgrein fyrir sig eftir viðfangsefni.

Lykill að góðu námi

Í þessari lotu var lögð áhersla á að nemendur lærðu að tileinka sér góða námstækni, ásamt því að læra að þekkja sjálfa sig og átta sig á því hvað það er sem hefur áhrif á okkur sem manneskjur. Í lotunni tóku nemendur t.d. þarfakönnun og unnu verkefni út frá því. Einnig unnu þeir verkefni um áhrifavalda, fyrirmyndir og sjálfsmynd. Síðast en ekki síst lærðu nemendur um glósutækni, heimildaöflun og heimildaskráningu.

Skyndihjálp

Þemaverkefnið um skyndihjálp stóð í rúma viku og var það unnið í samstarfi við íþróttakennara og Erasmus+ verkefni (cisneklate) tengt félagsmiðstöðinni Oz. Nemendur unnu verkefni tengd almannavörnum þar sem þeir útbjuggu upplýsingaspjöld um viðbrögð við náttúruvá eins og t.d. snjóflóðum, eldgosum og jarðskjálftum en einnig um hvernig ætti að bregðast við slysum, bruna og öðrum heimilisslysum eins og t.d. eitrun og dýrabitum. Í íþróttatímum æfðu nemendur björgunarsund og viðbrögð við drukknun auk þess sem þeir fengu formlega þjálfun í skyndihjálp frá erlendum viðbragðsaðilum í Erasmus+ verkefni Oz.



Heilbrigð sál í hraustum líkama

Í þessari lotu var lögð áhersla á að nemendur kynntust heilbrigðu líferni, bæði andlegu og líkamlegu. Unnin voru verkefni sem sneru að styrkleikum, dygðum og hamingju ásamt því að nemendur unnu ýmis verkefni í náttúrufræði. Báðir námshópar unnu verkefni sem sneri að upphaf lífs og fruman, síðan skiptust milli námshópa þannig að nemendur 9 og 10.b unnu verkefni tengdum mannslíkamanum (líffæri og líffærakerfi) á meðan nemendur 7. og 8.b unnu verkefni sem fjallaði um mismunandi hópa lífvera. Nemendur í heimilisfræðismiðju unnu með að skipuleggja og framreiða holla máltíð (morgunmat / hádegismat eða kvöldmat).

Julefrokost

Í þessari lotu var nánast eingöngu einblínt á tungumálakennslu, ensku og dönsku. Unnið var með orðaforða, lesskilning og ritun og nemendur fengu innsýn í jólahefðir og menningu annarra landa með fjölbreyttum verkefnum.

Bræður munu berjast

Viðfangsefni þessarar lotu voru Íslendingasögurnar. Nemendur kynntust því hvað Íslendingasögur eru og hvers vegna þær eru svona mikilvægar í sögunni okkar. Yngri hópurinn las og vann verkefni úr Laxdæla sögu meðan eldri hópurinn glímdi við Gísla sögu Súrssonar.

Vika 6

Vika 6 er á ári hverju tileinkuð kynfræðslu um land allt og við tókum þátt í því. Nemendur lærðu um sambönd og samskipti, ásamt því að fræðast um kynþroskann og meðgöngu.

Lífið er leikur

Þessari lotu var ætlað að tengja námið við árshátíðarundirbúning nemenda. Samhliða undirbúningi fyrir Ávaxtakörfuna unnu nemendur verkefni þar sem þeir kynntust mismunandi stjórnarháttum með áherslu á einræði og einræðisherra sögunnar. Sem mótvægi unnu elstu nemendur verkefni í ensku sem fjallaði um Nelson Mandela og skrifuðu ritgerð um Mahatma Ghandi.

Milli himins og jarðar

Hér var ekki eitt meginþema heldur voru unnin alls konar verkefni í öllum námsgreinum. Meðal viðfangsefna var lesskilningur í dönsku, dönsk stuttmynd með verkefni og verkefni í trúarbragðafræði svo eitthvað sé nefnt. Samhliða lásu nemendur og unnu verkefni úr Indjábanum eftir Jón Gnarr (7.-8.b) og Akam, ég og Annika eftir Þórunni Rakel Gylfadóttur (9.-10.b).

Nemendur lögðu lokahönd á verkefni tengdum lestri skáldsagna í ensku sem búið var að standa yfir meiri hluta vetrarins. Bækurnar sem nemendur lásu voru Billy Elliot (7.-8.b) og The boy in the striped pyjamas (9.-10.b).

Niðurstaða

Þegar á heildina er litið gekk vinnan við Kötlumixið mjög vel, sérstaklega ef tekið er mið af því að bæði nemendur og starfsmenn voru byrjendur í svona umfangsmikilli samþættingu.

Nemendur voru ánægðir með að hafa ákveðið frelsi við verkefnavinnu, sem fól í sér að þeir vissu hvaða verkefnum átti að ljúka fyrir ákveðinn tíma. Það fyrirkomulag hentaði lang flestum mjög vel. Að ósk nemenda var ákveðið nánast strax í upphafi að hafa stærðfræði ekki með í mixinu heldur hafa fasta tíma. Þrátt fyrir það voru sumir gjarnir á það að vilja nota stærðfræðitímana í eitthvað annað og þar af leiðandi sat stærðfræðin svolítið á hakanum hjá sumum. Einnig reyndist erfitt að gera dönskunámið skilvirkt í lotunni.

Lagt var upp með að nemendur og kennarar mætu námið í sameiningu með svokölluðu leiðsagnarhefti, þar sem sett voru fram hæfniviðmið fyrir hvert verkefni fyrir sig og hvað þyrfti til að ná þessum hæfniviðmiðum. Það reyndist erfitt að fá nemendur til að venja sig á þessi vinnubrögð en við vonumst til þess að með tímanum þjálfist bæði kennarar og nemendur í þessu fyrirkomulagi.

Breytingar fyrir næsta ár:

- Stærðfræði og danska verða tekin út úr mixinu og fá fasta tíma í töflu.
- Kennarar þurfa að vera skilvirkari í endurgjöf; skýrara form á námsmati og oft.
- Fastir áformstímar/námssamtal.
- Þéttari einkunnagjöf/umsagnir fyrir verkefni.
- Viljum færa okkur úr google classroom og yfir í teams til að vera alveg viss um að við séum að nota forrit sem er 100% skothelt gagnvart persónuvernd.